

Yfirlit frjómælinga í Garðabæ sumarið 2016

Mælingar í Urriðaholti í Garðabæ stóðu yfir frá 7. apríl til 26. september eða í samtals 173 daga. Heildarfjöldi frjókorna varð 2676 sem er undir meðallagi og hafa frjókorn aðeins einu sinni áður (2012) mælst jafn fá. Þau frjó sem helst eru talin valda ofnæmi skiptust þannig: 1635 grasfrjó, 194 birkifrjó, 148 súrufrjó og 33 asparfrjó. Frjókorn ýmissa tegunda sem jafnan ber lítið á voru 666. Að þessu sinni er hér um að ræða 23 frjó- og gróhópa (1. tafla).

1. tafla. Frjó- og grógerðir í Garðabæ sumarið 2016, raðað eftir fjölda.

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ loftis
Gras	<i>Poaceae</i>	1635
Birki	<i>Betula</i>	194
Túnsúra o.fl.	<i>Rumex</i>	148
Fura / greni	<i>Pinaceae</i>	144
Lyng	<i>Ericales</i>	70
Rósaætt	<i>Rosaceae</i>	63
Víðir	<i>Salix</i>	60
Lúpína	<i>Leguminosae</i>	38
Ösp	<i>Populus</i>	33
Elfting	<i>Equisetum</i>	22
Stör	<i>Carex</i>	19
Kattartunga o.fl.	<i>Plantago</i>	14
Maðra	<i>Galium</i>	13
Hæra	<i>Juncaceae</i>	7
Mjaðjurt	<i>Filipendula</i>	7
Sveipjurtir	<i>Apiaceae</i>	6
Fífill	<i>Taraxacum</i>	4
Barnamosi	<i>Sphagnum</i>	4
Sóley	<i>Ranunculus</i>	2
Elri (ölur)	<i>Alnus</i>	2
Körfublóm	<i>Aster</i>	1
Einir	<i>Juniperus</i>	1
Brjóstagrass	<i>Thalictrum</i>	1
Óþekkt / ógreind	<i>incognito</i>	188

Fyrstu frjókornin komu í gildruna 9. apríl. Það reyndust vera asparfrjó. Þann 13. apríl mældust fyrstu lyngfrjóin og 17. apríl fyrsta víðifrjóid. Eitt birkifrjó mældist 10. apríl og annað þann 17. maí en síðan samfelld frá 20. maí.

Asparfrjó mældust af og til frá 9. apríl en voru nær samfelld í lofti 4.–20. maí. Þau urðu fleiri en undanfarin þrjú ár en samt við meðaltalið sem er 27 frjó/m³. Asparfrjó náðu aldrei miklum styrkleika en hæst fór frjótalan í 5 þann 7. maí.


Birkifrjó voru óvenju fá í ár. Eitt frjó mældist í apríl og annað þann 17. maí en frá og með 20. maí voru þau sleitulaust í lofti til 15. júní eða í tæpar fjórar vikur. Eftir það komu þau stopult fyrir. Hámark birkifrjóa varð 4. júní þegar frjótalan fór í 34. Heildarfjöldi varð 194 frjó/m³ en meðaltal birkifrjóa í Garðabæ 2011–2015 er 919 frjó/m³. Aðeins einu sinni áður hafa birkifrjó mælst svo lág en það var árið 2014 (163).

Grasfrjó mældist fyrst 31. maí og aftur 4. júní. Eftir það mældust þau nær samfelld fram í miðjan september. Frjótímabilið fór rólega af stað og 12.

júní fór frjótalan fyrst yfir 10. Frjótala grasa mældist hæst 181 þann 26. júlí og er það í eina skiptið sem frjótalan fór yfir 100 í sumar. Mest var um grasfrjó í júlí, 1040, og hafa þau aldrei áður mælst svo mörg í þessum mánuði. Fæst voru þau í september eða 17 talsins. Í júní urðu þau 339 og 238 í ágúst. Heildarfjöldi grasfrjóa varð 1635 frjó/m³ sem er aðeins yfir meðaltali árána 2011–2015 (1421) en færri en metsumarið 2014 þegar þau reyndust 2356.

Súrufrjó mældist fyrst 5. júní og mældust þau stopult út mánuðinn. Í júlí og fram undir miðjan ágúst mældust þau flesta daga. Frjótalan fór þrisvar yfir 10, hæst fór hún í 16 þann 6. júlí. Alls komu 148 súrufrjó í gildruna þetta sumarið, sem er aðeins yfir meðallagi árána 2011–2015 (133).





1. mynd. Heildarfrjómagnt og skipting í helstu frjógerðir í Garðabæ 2011–2016.

Frjóríkasti mánuður sumarsins 2016 var júlí með 1298 frjókorn í rúmmetra lofti sem er talsvert yfir meðallagi og hafa ekki áður mælt fleiri frjókorn í júlí í Garðabæ. Það dugði þó ekki til metárs því sumarið 2016 var í heild sinni í tæpu meðallagi. Allir mánuðir nema apríl og júlí voru töluvert undir meðallagi (2. tafla). September með 40 frjó/m³ reyndist sá rýrasti en hann ásamt apríl eru alla jafna með lægstu frjótölurnar. Flest frjókorn voru í lofti þann 26. júlí eða 193 frjó/m³ en þann dag mældust grasfrjó í hámarki, eins og áður sagði. Af þeim 173 dögum sem gildran var í gangi voru 13 dagar sem engin frjókorn mældust (fjórir í apríl, einn í maí og júlí og sjö í september).

2. tafla. Fjöldi frjókorna í Garðabæ sumarið 2016 og meðaltal áráanna 2011–2015.

Mánuður	2016	Meðaltal
Apríl	48	26
Maí	177	288
Júní	800	1461
Júlí	1298	955
Ágúst	313	549
September	40	53
Samtals	2676	3331

Í heild er frjósumarið 2016 í Garðabæ undir meðallagi með 2676 frjó/m³. Það skýrist m.a. af því að birkifrjómagnt var með allra minnsta móti. Heildarfrjómagnt birkis virðist ekki ráðast eingöngu af tíðarfari vorsins þegar þau losna út í andrúmsloftið. Það sem hefur líka áhrif á frjómagnt og frjótíma birkis er m.a. úrkoma sumarið áður, þ.e. þegar reklarnir eru að myndast og einnig hitastig sama vetur, áður en birkið blómstrar.

19. október 2016

Ellý Guðjohnsen

